

FMS 2022-25
ISBN 978-9935-522-25-2



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

SPÁLÍKAN UM FERÐAÞJÓNUSTU

FYRSTU SPÁR UM MEGINSTÆRÐIR FERÐAÞJÓNUSTU

OKTÓBER 2022



FYRSTU SPÁR UM MEGINSTÆRÐIR FERÐAÞJÓNUSTU

SPÁLÍKAN UM FERÐAÞJÓNUSTU

OKTÓBER 2022

© Ferðamálastofa 2022

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is
Titill: Spálíkan um ferðaþjónustu - Fyrstu spár um meginstærðir ferðaþjónustu

Númer: FMS 2022-25
ISBN: 978-9935-522-25-2

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

EFNISYFIRLIT

Aðfaraorð	2
Inngangur	3
I. Spár um fjölda ferðamanna	4
Spá til skamms tíma	4
Spá til millilangs tíma	6
Langtímaspá um fjölda erlendra ferðamanna	7
II. Spár um fjölda gistingu	9
Spá um fjölda gistingu til skamms tíma.....	9
Spá um fjölda gistingu til meðallangs tíma.....	11
III. Spá um kortaveltu erlendra ferðamanna	13
Lokaorð	15

AÐFARAORÐ

Í þessari greinargerð eru birtar fyrstu spár um lykilstærðir í ferðamennsku á Íslandi. Spár þessar eru afurð rannsóknarverkefnis sem snýst um að búa til spálíkan fyrir ferðaþjónustu þar sem megináherslan er lögð á að spá fjölda ferðamanna til Íslands. Verkefnið felur í sér ýmsa verkþætti sem tengjast innbyrðis.

Á fyrri stigum verkefnisins var sjónum beint að fræðilegum grunni spágerðarinnar, gerð líkana af viðkomandi samhengjum, vali á heppilegum spálíkönnum og gagnasöfnun. Hér birtast fyrstu niðurstöður spáa sem gerðar eru á þessum grundvelli. Um er að ræða mikilvægt skref í átt að fullgerðri umgjörð um slíkar spár til nota á komandi árum. Varðandi nánari útskýringar á spájöfnum og forsendum er vísað til útgefna afurða verkefnisins sem finna má á vef Ferðamálastofu.

Ýmsir hafa komið að þeirri vinnu sem liggur að baki þessari skýrslu en þeir sem mest hafa lagt af mörkum við ritun hennar eru Gunnar Haraldsson, Haraldur Jón Hannesson og Ragnar Árnason.

Umfjölluninni er skipt í þrjá hluta. Fyrst er fjallað almennt um verkefnið og forsendur spánna. Því næst birtast spár um fjölda erlendra ferðamanna og er þar litið til skamms, meðallangs og langs tíma. Þá fylgja spár um fjölda gistinóttu og að síðustu um eyðslu erlendra ferðamanna hér á landi.

Í lokin er samantekt helstu niðurstaðna.

INNGANGUR

Hér fara á eftir spár um fjölda erlendra ferðamanna til landsins, fjölda gistinóttu erlendra ferðamanna og eyðslu erlendra ferðamanna hér á landi. Í þessum spám er horft misjafnlega langt fram í tímann. Skammtímaspár eru á mánaðar- og ársfjórðungsgrundvelli og ná til loka árs 2023. Millilangar spár byggja á ársögnum og ná til loka ársins 2025. Auk þessara spáa sem byggja á sæmilega traustum tölfræðilegum forsendum er hér birt langtímaspá um fjölda erlendra ferðamanna til landsins fram til ársins 2030. Þá spá teljum við þó afar óáreiðanlega og lítið meira en reikniæfingu. Ástæðan er að á svona löngu tímabili er líklegt að hagræn og tölfræðileg samhengi breytist og þar með stuðlar og jafnvel fallform spálíkananna. Skammtímaspárnar útskýra breytingar í fjölda ferðamanna, gistinóttu og erlendri kortaveltu innan hvers árs. Hér hefur verið farin sú leið að tengja saman skammtímaspár og millilangar spár með skölun til að finna eitt spágildi fyrir hvert ár. Þetta má líka orða þannig að treyst er á millilangar spár varðandi árgildi en skammtímaspár til að spá breytileika innan hvers árs.

Á þeim tíma sem unnið hefur verið að þeim spám sem hér eru kynntar, þ.e. frá ársbyrjun 2021, hefur bæst við mikil þekking um íslenska ferðaþjónustu. Tímarnir hafa á margan hátt verið óvenjulegir, ekki síst vegna Covid-19 faraldursins sem setti alla ferðahegðun úr skordum, ekki aðeins hér á landi heldur um heim allan. Svona stórir atburðir gera það að verkum að fyrri hagræn og tölfræðileg samhengi raskast, jafnvel að því marki að þau eru ekki lengur fyrir hendi. Af þessum sökum skiptir miklu máli hvaða tímabil úr fortíð er notað til að spá fyrir um þróun í framtíð.

Rannsóknir okkar sýna að efnahagur og tekjur í þeim löndum sem flestir erlendir ferðamenn koma frá hafa áhrif á fjölda þeirra hér á landi. Því veldur það nokkrum erfiðleikum í spágerðinni að hagvaxtarhorfur í heiminum eru sérstaklega mikilli óvissu háðar um þessar mundir. Þannig hefur m.a. stríðið í Úkraínu gert það að verkum að hagvaxtarhorfur hafa versnað frá því sem áður var sem og verðbólguhorfur. Ætla má að slíkar aðstæður muni hafa áhrif á eftirspurn eftir ferðalögum, a.m.k. til meðallangs tíma.

I. SPÁR UM FJÖLDA FERÐAMANNA

Hér eru birtar spár um fjölda erlendra ferðamanna, í fyrsta lagi til skamms tíma með mánaðargögnum, í öðru lagi eftir ársfjórðungum fimm ársfjórðunga fram í tímann, þ.e. til ársloka 2023, og í þriðja lagi árlegar spár fram til ársins 2025. Auk þessara spáa er einnig birtur framreikningur á árlegum fjölda erlendra ferðamanna til ársins 2030. Rétt er að ítreka það sem sagt var í inngangi að hagrænar og tölfræðilegar forsendur fyrir þessum framreikningi til lengri tíma eru veikar og því ekki unnt að líta á hann sem spá.

Spá til skamms tíma

Í töflu 1 má sjá fjölda erlendra ferðamanna frá september 2022 til loka árs 2023 samkvæmt spá. Um er að ræða spá er byggir á niðurstöðum úr ARIMA líkani sem fyrri prófanir og rannsóknir benda til að sé heppilegt við spágerðina.¹

Tafla 1 Mánaðarspár til skamms tíma (90% óvissubíl)


	<i>Spá</i>	<i>Efri mörk</i>	<i>Neðri mörk</i>	
2022	september	176.263	249.755	118.205
	október	155.365	224.015	101.819
	nóvember	123.359	180.817	79.083
	desember	116.062	172.796	72.847
2023	janúar	146.545	225.397	87.931
	febrúar	161.400	255.688	92.872
	mars	183.132	298.121	101.296
	apríl	143.974	240.383	76.705
	maí	156.422	267.432	80.403
	júní	236.416	413.326	117.412
	júlí	286.383	511.387	137.593
	ágúst	306.983	559.305	142.843
	september	228.335	424.069	103.001
	október	201.886	381.894	88.368
	nóvember	160.788	309.557	68.346
	desember	151.737	297.122	62.681

Samkvæmt þessari spá verður heildarfjöldi erlendra ferðamanna til Íslands nálægt 1.700 þúsund árið 2022 og tæplega 2.400 þúsund árið 2023.

¹ Sjá D5: Mat á spájöfnum og D6: Prófun á spájöfnum.

Á mynd 1 má sjá þessar spániðurstöður með myndrænum hætti. Til frekari glöggvunar eru rauntölur fram til ágúst 2022 einning sýndar á myndinni.

Mynd 1 Skammtímaspá um fjölda ferðamanna eftir mánuðum (90% óvissubíl)



Myndin sýnir vel þróun í fjölda erlendra ferðamanna síðasta áratuginn og spá okkar til loka árs 2023. Skyggða svæðið á myndinni lýsir 90% óvissubili í spánni.

Spá eftir ársfjórðungum

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig ofangreind spá um fjölda erlendra ferðamanna skiptist niður á ársfjórðunga.

Tafla 2 Skammtímaspá um fjölda erlendra ferðamanna eftir ársfjórðungum

	Spá
2022 4. ársfj.	394.786
2023 1. ársfj.	491.077
2. ársfj.	536.812
3. ársfj.	821.701
4. ársfj.	514.411

Spá til millilangs tíma

Metnum árlegum spálíkingum var beitt til að spá fyrir um fjölda erlendra ferðamanna til landsins árin 2022 til 2025.²

Ytri stærðir sem notaðar eru í þessum spálíkingum eru mældur fjöldi erlendra ferðamanna árið 2021 og áætlun okkar um þróun vergrar landsframleiðslu í OECD ríkjum á árunum 2021 til 2025. Síðastnefndu stærðirnar eru okkar eigið mat en taka þó mið af áætlunum OECD.

Þessar spáforsendur eru raktar tölulega í töflu 3.

Tafla 3 Spáforsendur

Ár	Erlendir ferðamenn	Vöxtur VLF í OECD
2021	687.802	4,5%
2022		1,8%
2023		0,5%
2024		1,5%
2025		1,7%

Spá þessara líkana um árlegan fjölda erlendra ferðamanna fram til 2025 ásamt metnum³ 90% óvissubílum er sett fram í töflu 4.

Tafla 4 Spá um fjölda ferðamanna til millilangs tíma


Ár	Spá (þúsundir)		
	Miðspá	Efri mörk	Neðri mörk
2022	1.684	1.984	1.273
2023	2.364	2.662	1.465
2024	2.775	2.992	1.737
2025	2.928	3.227	2.124

² Sjá D5: Mat á spájöfnum.

³ Ekki er hlaupið að því að fá fræðilega rétt mat á þessum óvissubílum þar sem útskýringarstærðirnar í aðfallslíkingunni, VLF í OECD og fjöldi ferðamanna á liðnu ári eru einnig spár og því hendingarkenndar stærðir. Tilgreind óvissubíl byggjast því að hluta á líkingum fyrir einfaldari ferli og að hluta á okkar eigin mati.

Þessi spá ásamt óvissubílum er sett fram með myndrænum hætti í mynd 2.

Mynd 2 Árleg spá um fjölda erlendra ferðamanna til landsins 2022-2025 (í þúsundum)



Eins og sjá má í mynd 2 er líkindadreifing spárinnar ekki samhverf yfir óvissubilið. Það er vegna þess að aðfallsgreiningin miðast við hlutfallslegar breytingar í fjölda ferðamanna þar sem leifaliðurinn er því sem næst normaldreifður. Umbreyting í tölu ferðamanna breytir dreifingu slembiliðarins og gerir óvissubilin ósamhverf.


Þá þrengist óvissubilið þegar hlutfallslegar breytingar verða minni (og öfugt). Er það í samræmi við þekktar niðurstöður um óvissubil spáa, þ.e. það víkkar eftir því sem farið er lengra frá meðaltali gagnanna.

Langtímaspá um fjölda erlendra ferðamanna

Unnt er að nota hinar metnu aðfallslíkingar til að framreikna fjölda ferðamanna til lengri tíma. Slíkur framreikningur er hins vegar afar óáreiðanlegur. Hann er í fyrsta lagi háður forsendum um þróun vergrar landsframleiðslu í OECD löndunum miklu lengra fram í tímann en OECD sjálf treystir sér til að spá. Hann byggist í öðru lagi á spáðum ferðmannafjölda árið áður sem auðvitað er spáð með skekkju. Þannig geta spáskekkjur hæglega byggst upp með tímanum. Í þriðja lagi gerir svona langtímaspá ráð fyrir að hagrænu ferlin sem voru að verki á matstíma aðfallsjöfnunnar starfi áfram óbreytt. Það er í meira lagi hæpið. Afar líklegt er að gildi áhrifaþátta breytist með tímanum og að jafnvel komi til skjalanna nýir áhrifaþættir. Af þessum sökum ber að skoða framreikning á fjölda erlendra ferðamanna meira en u.þ.b. þrjú ár fram í tímann fyrst og fremst sem vísbendingu um það sem gerast kann, einhvers konar sviðsmynd sem er þó vonandi heldur líklegri en aðrar.

Með þessum fyrirvörum fylgir hér með langtímaspá um fjölda erlendra ferðamanna fram til ársins 2030 á myndrænu formi. Ein af forsendum þessa framreiknings er að hagvöxtur í OECD löndum verði um 1,2% að jafnaði frá og með 2026.

Mynd 3 Framreikningur til lengri tíma á fjölda erlendra ferðamanna til landsins (í þúsundum)



Eins og sjá má gerir þessi framreikningur ráð fyrir að árleg tala erlendra ferðamanna til landsins vaxi með dálitlum breytileika⁴ upp í um 3,5 milljónir árið 2029. Verði mikil aukning í framboði á flugferðum til landsins gæti þessi fjöldi hæglega orðið mun meiri.

⁴ Breytileikinn stafar að tímatengdu (e. dynamic) eðli spálíkinganna.

II. SPÁR UM FJÖLDA GISTINÓTTA

Hér birtast spár um fjölda gistinóttanna. Annars vegar er litið til skamms tíma, spáð um mánuði og ársfjórðunga til ársloka 2023, og hins vegar til lengri tíma, spáð um ár til ársins 2025. Fjölda gistinóttanna er spáð sérstaklega, þ.e. gengið er út frá undirliggjandi árstíðarsveiflum í dvalarlengd. Þannig er þetta ekki reiknuð stærð út frá fjölda erlendra ferðamanna heldur byggir á sögulegum gögnum um fjölda gistinóttanna.

Spá um fjölda gistinóttanna til skamms tíma

Sams konar spálíkan og áður hefur verið lýst, en með öðrum metnum stuðlum, er notað til að spá fyrir um fjölda gistinóttanna það sem eftir er ársins 2022 og fram til ársloka 2023. Niðurstöður má sjá í töflu 5.


Tafla 5 Spá um fjölda gistinóttanna til skamms tíma (90% óvissubíl)

		<i>Spá</i>	<i>Efri mörk</i>	<i>Neðri mörk</i>
2022	september	424.937	532.067	332.556
	október	367.998	462.721	286.553
	nóvember	268.807	339.354	208.317
	desember	253.484	321.242	195.540
2023	janúar	291.284	388.898	210.803
	febrúar	387.068	532.659	269.596
	mars	422.372	593.305	286.483
	apríl	304.594	434.530	202.453
	maí	382.296	552.269	249.905
	júní	548.484	800.932	353.409
	júlí	692.930	1.021.654	440.717
	ágúst	708.726	1.054.238	445.371
	september	567.616	851.379	352.664
	október	492.095	743.959	302.433
	nóvember	359.842	548.159	218.838
	desember	339.693	521.275	204.482

Samkvæmt þessari spá verður heildarfjöldi gistinóttanna erlendra ferðamanna tæplega 4.500 þúsund árið 2022 og tæplega 5.500 þúsund árið 2023.

Þessum tölulegu niðurstöðum er lýst með myndrænum hætti í mynd 4.

Mynd 4 Spá um fjölda gistinguera erlendra ferðamanna eftir mánuðum (90% óvissubíl)



Myndin sýnir með glöggum hætti árstíðarsveiflur og þróun í fjölda gistinguera yfir tíma. Skygga svæðið sýnir 90% óvissubíl spárinnar.

Spá um gistinguera eftir ársfjórðungum

Í töflu 6 má sjá hvernig skammtímaspáin skiptist niður á ársfjórðunga.

Tafla 6 Spá um fjölda gistinguera eftir ársfjórðungum

		<u>Spá</u>
2022	4. ársfj.	890.290
2023	1. ársfj.	1.100.724
	2. ársfj.	1.235.374
	3. ársfj.	1.969.272
	4. ársfj.	1.191.630

Spá um fjölda gistinguáttanna til meðallangs tíma

Metnum árlegum spálíkingum var beitt til að spá fyrir um fjölda gistinguáttanna fyrir árin 2022 til 2025.⁵

Ytri stærðir sem notaðar í þessum spálíkingum eru mældur fjöldi gistinguáttanna árið 2021 og áætlun okkar um þróun vergrar landsframleiðslu í OECD ríkjum 2021 til 2025. Þessar spáforsendur eru nánar raktar í töflu 7.

Tafla 7 Spáforsendur

Ár	Gistinguáttur	Vöxtur VLF í OECD
2021	2.142.422	4,5%
2022		1,8%
2023		0,5%
2024		1,5%
2025		1,7%

Spá okkar um árlegan fjölda gistinguáttanna fram til 2025 ásamt metnum⁶ 90% óvissubílum er sett fram í töflu 8.

Tafla 8 Spá um fjölda gistinguáttanna til meðallangs tíma


Ár	Miðspá (þúsundir)	Metið 90% óvissubíl	
		Efri mörk	Neðri mörk
2022	4.484	6.034	3.027
2023	5.497	6.454	3.495
2024	6.323	7.107	4.231
2025	6.732	7.350	5.410

⁵ Sjá D5: Mat á spájöfnum.

⁶ Sjá neðanmálgrein 3.

Þessi spá ásamt óvissubílum er sett fram með myndrænum hætti í mynd 5.

Mynd 5 Árleg spá um fjölda gistinguþátta 2022-2025 (í þúsundum)



Samkvæmt þessu má ætla að fjöldi gistinguþátta aukist úr tæplega 4,5 milljónum í ár í um 6,7 milljónir árið 2025.

III. SPÁ UM KORTAVELTU ERLENDRA FERÐAMANNA

Hve miklu fé erlendir ferðamann verja hér á landi ræðst aðallega af fjölda þeirra en þó er töluverður munur á meðaleyðslu ferðamanna af ólíku þjóðerni. Greiðslukortaveltu er spáð sérstaklega, þ.e. gengið er út frá undirliggjandi árstíðarsveiflum í veltunni. Þannig er ekki um að ræða reiknaða stærð út frá fjölda erlendra ferðamanna heldur byggt á gögnum um greiðslukortaveltu erlendra ferðamanna á Íslandi.

Ekki liggja fyrir mjög áreiðanleg gögn um eyðslu erlendra ferðamanna hér á landi. Rannsóknasetur verslunarinnar safnar upplýsingum frá innlendum færsluhirðum greiðslukorta um notkun erlendra korta hér á landi og virðist það vera áreiðanlegustu gögn sem hægt er að nota til að meta eyðsluna. Hér verður að hafa í huga að greiðslukortavelta erlendra korta segir ekki alla söguna um eyðslu ferðamanna, þar sem aðrir greiðslumátar eru til staðar. Þá hefur á síðustu árum færst í vöxt að erlendir ferðamann nýti sér erlenda færsluhirða og því má ætla að eitthvað vanmat sé í tölunum. Þar sem ekki liggja fyrir áreiðanlegri upplýsingar um eyðsluna er notast við fyrrnefndar upplýsingar frá innlendum færsluhirðum.

Niðurstöður líkana varðandi spá um um kortaveltu má sjá í töflu 9.


Tafla 9 Spá um kortaveltu til skamms tíma í milljónum kr. (90% óvissubíl)

	Spá	Efri mörk	Neðri mörk
2022 september	28.074	37.362	20.399
október	22.520	30.409	16.068
nóvember	17.548	24.022	12.304
desember	16.868	23.395	11.632
2023 janúar	17.965	26.108	11.651
febrúar	19.467	29.455	11.950
mars	22.542	35.352	13.160
apríl	18.985	30.754	10.577
maí	25.807	43.068	13.759
júní	35.634	61.127	18.223
júlí	43.508	76.579	21.382
ágúst	44.399	80.060	21.005
september	34.404	63.468	15.690
október	27.737	52.289	12.209
nóvember	21.721	41.801	9.239
desember	20.983	41.185	8.633

Samkvæmt þessu má áætla að greiðslukortavelta erlendra ferðamanna muni nema rúmlega 250 milljörðum króna árið 2022 og um 333 milljörðum króna árið 2023.

Eins og sjá má af öryggismörkunum er óvissan mjög mikil í þessum útreikningum. Niðurstöðunum er nánar lýst í mynd 6.

Mynd 6 Spá um kortaveltu erlendra ferðamanna eftir mánuðum (í milljónum króna; 90% óvissubíl)



Brotið niður á ársfjórðunga verður spá um þróunina út árið 2022 og allt árið 2023 eins og sjá má í töflu 10.

Tafla 10 Spá kortaveltu erlendra ferðamanna eftir ársfjórðungum (í milljónum kr.)

		<i>Spá</i>
2022	4. ársfj.	56.936
2023	1. ársfj.	59.974
	2. ársfj.	80.426
	3. ársfj.	122.311
	4. ársfj.	70.440

Hér verður að taka tillit til þess að óvissan er mikil, eins og glögggt má sjá af öryggismörkum í spánni. Sökum þessarar óvissu er óábyrgt að spá mikið lengra fram í tímann.

LOKAORÐ

Hér hafa verið settar fram spár um lykilstærðir í íslenskri ferðapjónustu, þ.e. hvað varðar fjölda erlendra ferðamanna, fjölda gistingu og mælikvarða á eyðslu ferðamanna, nokkra mánuði og allt að rúmum þremur árum fram í tímann.

Samkvæmt niðurstöðum spánna má ætla að heildarfjöldi erlendra ferðamanna verði nálægt 1,7 milljónum á yfirstandandi ári en þeim fjölgi eftir það í u.þ.b. 2,4 milljónir á næsta ári. Til millilangs tíma má ætla að heildarfjöldi erlendra ferðamanna verði rúmlega 2,7 milljónir árið 2024 en tæplega 3 milljónir árið 2025. Sé litið til enn lengri tíma er ekki ólíklegt að erlendir ferðmenn gætu orðið um 3,5 milljónir í lok núverandi áratugar. Þessi framreikningur til langs tíma er þó mikilli óvissu háður.

Hvað varðar fjölda gistingu má ætla að þær verði um 4,5 milljónir árið 2022 en verði síðan kringum 5,5 milljónir árið 2023. Þá dragi nokkuð úr vextinum og fjöldi gistingu erlendra ferðamanna verði um 6,3 milljónir árið 2024 og nálægt 6,7 milljónum árið 2025.

Erfitt er að spá fyrir um meðaleyðslu eða útgjöld erlendra ferðamanna almennt og fyrirliggjandi gögn eru ekki mjög áreiðanleg en samkvæmt ofangreindum spám má ætla að heildarvelta erlendra greiðslukorta hér á landi verði rétt rúmlega 330 milljarðar á næsta ári.

Eins og vænta má gildir töluverð óvissa um einstakar spáðar stærðir. Því er mikilvægt að endurmeta spárnar þegar tímar líða fram og nýjar upplýsingar, jafnt megindlegar sem eigindlegar, koma fram.

ÚTGEFIÐ Í OKTÓBER 2022



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Geirsgata 9 • 101 Reykjavík • Iceland • Hafnarstræti 91 • 600 Akureyri • Iceland
Sími/Tel +354 535 5500 • upplýsingar@ferdamalastofa.is

www.ferdamalastofa.is